

## Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 2. september 2019.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið:

Björk Óttarsdóttir (BÓ), formaður stjórnar

Sonja Dögg Pálsdóttir (SDP) frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Svandís Ingimundardóttir (SI) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Anna María Gunnarsdóttir (AMG) frá Kennarasambandi Íslands.

Fjarverandi var:

Jón Torfi Jónasson (JTJ), skipaður af háskólastiginu

Dana Rán Jónsdóttir (DRJ) umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri.

Björk setti fundinn kl. **14:05**. Dana Rán Jónsdóttir var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

### 1. Áherslur næsta tímabils

Ræddar voru eftirfarandi hugmyndir að áherslum næsta úthlutunarárs.

Tillögur að þema ársins frá alþjóða kennarasamtökunum: Framtíðarskólinn. Nýir kennarar – ný framtíð. Framtíðarskólinn og skólinn sem samfélag. Hvernig öllum við upp fólkið sem þarf að takast á við öll vandamál framtíðarinnar?

Áherslur ráðherra eru: Lestrarfærni. Stærðfræði og náttúrufræði. Líðan drengja. Líðan nemenda af erlendum uppruna.

Ákveðið var að reyna að hafa áherslurnar í ár tengdar heimsmarkmiðunum, þá sérstaklega markmiðum sem heyra undir kafla 4.7. Stjórn ákvað að best væri að hafa eina áherslu með mörgum undirmarkmiðum. Áherslan sem varð fyrir valinu var *Heimsmarkmið í skólastarfi*. Sú hugmynd kom upp að óska eftir því að öll verkefni sem sótt er um styrk fyrir verði tengd við eitthvað heimsmarkmið með rökstuðningi.

Ákveðið var að fela formanni (BÓ) það verkefni að leggja þessa hugmynd undir mennta- og menningarmálaráðherra og verður þetta mál tekið aftur fyrir á næsta fundi.

### 2. Dagskrá vetrarins

Rætt var um senda tölvupóst um miðjan nóvember 2019 til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla og tilkynna hver áherslusviðin í ár verða og hvenær verður opnað fyrir umsóknir. Einnig verður tekið fram að stjórnin vilji ýta undir aukið samstarf milli skóla. Einnig þarf nemendapáttur verkefna að vera mjög skýr því farið verður fram á að nemendur taki þátt í verkefnum. Með því að senda slíkt bréf hafa skólarnir nægan tíma til þess að huga að mögulegum verkefnum sem hægt verður að sækja um.

Áætlað er að opna fyrir úthlutanir 6. janúar 2020 og loki fyrir umsóknir 7. febrúar 2020.

### 3. Afmæli sjóðsins

Sprotasjóður fagnar 10 ára afmæli í ár. Væri það mjög gaman að koma því til fréttamiðla.

Sjóðurinn sækist eftir fleiri fyrirmyndarverkefnum í ár. Fjögur verkefni sem hlutu styrk skólárið 2019-2020 voru skilgreind sem fyrirmyndaverkefni. Voru það eftirfarandi verkefni:

- Gullin í grenndinni. Samstarf skólastiga í sveitarsamfélagi
- Vistheimt í skólum fyrir unglingastig grunnskóla og framhaldsskóla
- Velliðan og færni í ævintýraferðir
- Lærdómssamfélag milli skólastiga

#### 4. Önnur mál

- A. Stjórnin fékk inn erindi frá þátttakendum í einu verkefni og varðaði það ákvörðun skólastjórnenda á fyrirkomulagi við útgreiðslu styrks til þeirra kennara sem stýra og vinna verkefnið. Ákveðið var að leita frekari upplýsinga vegna þessa máls og taka þetta upp á næsta fundi.
- B. Einnig voru fundir vetrarins ákveðnir sem hér segir: **7. og 28. október, 13.,20. og 27. febrúar og 3. mars.**
- C. Stjórn Sprotasjóðs breytir ekki lögum sjóðsins eða fjárveitingum. Hún hefur umboð til þess að breyta verklagsreglum. Hugsanlega gætu orðið breytingar á verklagi. Jón Torfi er með hugmyndir varðandi slíkt og verður það mál því tekið fyrir á næsta fundi.

**Fundi var slitið kl. 15:43**